

Fundur fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga bs.haldinn á Fosshótel Húsavík 31. október 2018 kl. 15:00.

Fundinn sátu eftirtaldir fulltrúar (10 af 15);

- frá Þingeyjarsveit; Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir og Jóna Björg Hlöðversdóttir
- frá Skútustaðahreppi; Helgi Héðinsson (vantar 1 fulltrúa)
- frá Norðurþingi; Helena Eydís Ingólfssdóttir, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir og Benóný Valur Jakobsson (vantar 3 fulltrúa)
- frá Tjörneshreppi; Aðalsteinn J. Halldórsson
- frá Svalbarðshreppi; Ina Leverköhne
- frá Langanesbyggð; Þorsteinn Ægir Egilsson (vantar 1 fulltrúa)

Fundinn sátu einnig eftirtaldir framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaganna; Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Norðurþings, Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri Skútustaðahrepps og Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri Þingeyjarsveitar. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri Héraðsnefndar Þingeyinga bs. sem ritaði fundargerð.

Formaður, Arnór Benónýsson, setti fund og stjórnaði honum.

### **Þetta gerðist:**

#### **1. Skýrsla framkvæmdastjórnar**

Dagbjört Jónsdóttir formaður framkvæmdastjórnar flutti skýrsluna en framkvæmdastjórnin hefur haldið tvo fundi frá sveitarstjórnarkosningum sl. vor. Verkaskipting er óbreytt frá fyrra kjörtímabili, Dagbjört Jónsdóttir er formaður og Elías Pétursson varaformaður. Aðalsteinn J. Halldórsson kom nýr inn í framkvæmdastjórnina að loknum kosningum.

Helstu umfjöllunarefni hafa verið:

- Vinna með stjórn AP ses. að breytingum á 8. gr. samþykktu stofnunarinnar varðandi stjórnarkjör en fyrir liggur sameiginleg tillaga aðila sem kynnt var á fundinum.
- Erindi frá HSP varðandi samstarf við sveitarfélögin um eflingu íþróttastarfs allra aldurshópa á starfssvæðinu.
- Hugmyndir um sameiginleg atvinnustefna aðildarsveitarfélaganna.
- Samstarf aðildarsveitarfélaganna í skipulagsmálum.

Óskar framkvæmdastjórnin eftir því að fulltrúaráðið tak i til umræðu og afgreiðslu erindi HSP, hugmyndir um sameiginlega atvinnustefnu og samtarf í skipulagsmálum.

Að loknum umræðum var samþykkt að komið verði á sameiginlegum umræðuvettvangi sveitarfélaganna og HSP um skipulag íþróttastarfs í héraði þar sem sjónarmið einstakra félaga verði einnig tryggð. Málinu vísað til framkvæmdastjórnar til frekari útfærslu.

Formaður bar upp þá hugmynd að unnið yrði að sameiginlegri atvinnustefnu sem hluta af svæðisskipulagi aðildarsveitarfélaganna, en mörg þeirra hyggjast vinna við aðalskipulagsgerð á næstunni. Í umræðum kom m.a. fram að ná mætti hagræðingu með sameiginlegu útboði á ráðgjafarvinnu við aðalskipulagsgerð sveitarfélaganna og samlegð við gerð svæðisskipulags.

Samþykkt var að vísa málinu til framkvæmdastjórnar og henni falið að móta tillögur til sveitarfélaganna um samstarf í skipulagsgerðinni og gerð svæðisskipulags sem tæki m.a. á sameiginlegri atvinnustefnu og megin innviðum á svæðinu.

## 2. Fjárhagsáætlun 2019

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir tillögu að fjárhagsáætlun sem lögð er fram af framkvæmdastjórninni. Áætlunin gerir ráð fyrir því sem næst óbrettri starfsemi frá yfirstandandi ári og að jafnvægi verði á rekstrinum en heildarvelta er um 9,7 mkr. Fram kom að sótt hefur verið um framlag í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða vegna verkhönnunar mannvirkja í svokölluðu Þingeyjarverkefni en skipulagsvinnu er lokið og deiliskipulag í lokaauglýsingu. Hlutur héraðssjóðs er fjármagnaðar af veiðiréttartekjum í Skjálfafljóti.

Að umræðu lokinni var fjárhagsáætlunin borin upp og samþykkt samhljóða.

## 3. Kosning sérstakra starfsnefnda

Ekki liggur fyrir nein tillaga um kosningu starfsnefnda að þessu sinni.

## 4. Önnur mál

- Formaður gerði grein fyrir tillögu stjórnar sem liggur fyrir fundinum að afgreiðslu erindis SSA vegna vegalagningar norðan Vatnajökuls, sbr. bókun fulltrúaráðsfundar 28.06. sl. Skv. henni er lagt til að málinu verði vísað til Eypings til frekari umfjöllunar. Fulltrúaráð samþykkir þá málsmeðferð.
- Vakin var athygli á bókunum framkvæmdastjórnar og fulltrúaráðs varðandi einhvers konar samstarf vegna hátíðarhalda í héraði í tilefni 100 ára fullveldisafmælisins. Samþykkt að þær samkomur sem haldnar verða verði auglýstar sameignlega og þar hvatt til þess að íbúar sæki þér sem víðast úr héraði.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:55